



Tilkynning

ÍM-50 2018

Ágætu félagar.

Íslandsmeistaramótið í 50m laug verður haldið í Laugardalslaug í Reykjavík dagana 20-22. apríl nk.

Skráningarfrestur rennur út **þriðjudaginn 10. mars** og verða fyrstu drög að keppendalista send til félaga í seinasta lagi **mánudaginn 16. apríl**. Við minnum á að skila „Proof of Time“ skjali samhliða skráningum. Öðruvísi verða skráningar ekki teknar gildar.

Þjálfarar fá þá senda keppendalista, hver fyrir sitt félag og hafa eftir það 1 sólarhring til að gera leiðréttingar vegna augljósra mistaka í skráningum.

Mótið verður keyrt á Splash. Þeir sem ekki hafa yfir að ráða Splash forriti skulu skila skráningum á Excel formi í síðasta lagi **föstudaginn 6. apríl**.

Við biðjum þjálfara og formenn að virða þessar dagsetningar og kynna sér vel reglur varðandi skráningar á sundmót SSÍ.

Skráningar og fyrirspurnir sendast með rafrænum hætti á email@iceswim.is. Félög skulu skila inn lista **yfir þjálfara og liðstjóra samhliða skráningum sundmanna.**

Skráningar dómara sendast á Dómaranefnd SSÍ – skraningssimot@gmail.com

Nánar um skráingu starfsmanna, annarra en dómara, hér að neðan.

NÝTT

1. Þetta árið hefur verið ákveðið að Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) muni halda Íslandsmótið sitt með okkur hjá SSÍ. Það þýðir að keppendur undir ÍF munu synda með keppendum SSÍ í riðlum.

Fyrirkomulagið verður þannig að úrslit sundfólks ÍF í undanrásum gilda sem lokaúrslit á Íslandsmóti ÍF og taka þau því ekki þátt í úrslitahlutum SSÍ. Verðlaunaafhending ÍF verður eftir hvern morgunhluta, þegar keppni er lokið.

Keppendur ÍF verða á öðrum lágmörkum en keppendur SSÍ en verða engu að síður raðað í riðla eftir skráðum tíma. Keppt verður eftir reglugerð SSÍ.

2. Skráning starfsmanna, annarra en dómara, á ÍM50 verður í opnu Google Doc skjali sem hægt er að skoða hér:

https://docs.google.com/spreadsheets/d/1Y9-ooWXSLfIEfi9MpUe3Lsy_XeysQ8DGncpLyHMTyUo/edit?usp=sharing

Hægt er að skrá sig í skjalið beint og uppfærast það sjálfkrafa. Því er tryggt nýjasta útgáfan er alltaf sú sem þú skoðar.

Ef villa er í skjalinu eða vandræði að skrá, vinsamlegast hafið þá samband við undirritaðan (emil@iceswim.is eða 6591300)

3. Náist ekki fullnægjandi skráning starfsmanna á mótshluta, verður þeim mótshluta frestað og/eða aflýst.

Nánari upplýsingar, reglugerðir, lágmörk og annað er að finna á ÍM50 síðunni á heimasíðu SSÍ:

<http://www.sundsamband.is/sundithrottir/sundmot/im-50/>

*Með sundkveðju,
Emil Örn Harðarson
Mótastjóri SSÍ
659-1300*